

Ár 2024, 29. apríl kl. 11:00 kom landskjörstjórn saman á fundi í Þjóðminjasafni Íslands til að úrskurða um gildi framkominna framboða til kjörs forseta Íslands 1. júní 2024.

Fyrir er tekið framboð Helgu Þórisdóttur til kjörs forseta Íslands og kveðinn um það svofelldur

ÚRSKURÐUR nr. 8/2024:

Hinn 26. apríl 2024 kl. 11:41 kom Helga Þórisdóttir á fund landskjörstjórnar og skilaði tilkynningu um framboð til kjörs forseta Íslands. Tilkynningin var undirrituð af Helgu og henni fylgdi undirskriftalisti meðmælanda til stuðnings framboðinu, samtals 75 blaðsíður. Á tilkynningarblaðinu kom fram að meðmælum væri einnig safnað rafrænt.

Landskjörstjórn hefur kannað framboðstilkynningu Helgu til kjörs forseta Íslands og þau meðmæli sem framboðinu fylgja. Könnunin leiddi í ljós að framboðið uppfyllir bæði skilyrði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og kosningalaga nr. 112/2021.

Á grundvelli framangreinds er það niðurstaða landskjörstjórnar að framboð Höllu Tómasdóttur til kjörs forseta Íslands sé gilt.

ÚRSKURÐARORÐ

Framboð Helgu Þórisdóttur til forsetakjörs 1. júní 2024 er gilt.

Landskjörstjórn

Kristín Edwald, formaður (sign)

Arnar Kristinsson (sign)

Hulda Katrín Stefánsdóttir (sign)

Ebba Schram (sign)

Magnús Karel Hannesson (sign)

Ákvörðun landskjörstjórnar má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála, sbr. 22. gr. kosningalaga, innan 20 klukkustunda frá því að hún var afhent. Skal beina kærur til nefndarinnar á netfangið urskurdarnefndkosningamala@dmr.is